

Ná.

99. Frumvarp

til laga um háskólakennara.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Þegar dócentar við Háskóla Íslands hafa starfað í embætti um 6 ár, verða þeir prófessorar með sömu rjettindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans.

2. gr.

Nú hefir dócent starfað í embætti sínn lengur en 6 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, og skulu þá lann hans vera þau sömn sem þau mundu verið hafa, ef lög þessi hefðu gilt frá því er hann tók við embætti við háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt nmsókn frá dócentum við háskólann. Segir svo í brjefi þeirra:

»Vjer undirritaðir dócentar við Háskóla Íslands leyfum oss hjer með að fara fram á það, að háskólaráðið vildi beita sjer fyrir þeirri breyting, að dócentar verði prófessorar að sjálfsgöðu, þegar þeir hafa starfað í embætti sínu full 6 ár. Er sá tími miðaður við það, að eftir 6 ára starf hafa dócentar náð sömu launum sem prófessorar hafa í byrjun.

Kenslustörf dócenta eru í raun og veru alveg þau sömu og prófessoranna, og það virðist því nóg að láta þá vera við lægri launin þann tíma, sem þeir samkvæmt launalögum eru að komast upp í lágmarkslaun prófessora. Hitt virðist mjög ósanngjarnt, að láta þá svo bíða á þeim launum, annaðhvort æfilangt eða þar til prófessorsembætti losnar.

Háskólaráðið mælti einróma með þessari ósk dócentanna og sendi Alþingi hana til fyrirgreiðslu.

Þessi ósk dócentanna virðist vera svo sanngjörn, að rjett væri að gera lagabreyting þá, sem þeir fara fram á. Kostnaðarauki verður þetta að vísu nokkur, en þó verður hann oftast fremur lítill, því að jafnaði koma menn ekki mjög ungir í háskólakennaraembætti.